

Lýsigögn

Rekstrar- og efnahagsyfirlit aðila í landbúnaði með ísatflokkunina 01.41.0, 01.42.0 og 01.45.0.

- [Skráningaratriði fyrir viðfangsefni](#)
- [Efni](#)
- [Tími](#)
- [Áreiðanleiki og öryggismörk](#)
- [Samanburður](#)
- [Aðgangur að upplýsingum](#)

0. Skráningaratriði fyrir viðfangsefni

0.1 Heiti

Rekstrar- og efnahagsyfirlit aðila í landbúnaði

0.2 Efnisflokkur

Landbúnaður

0.3 Umsjón; stofnun, deild, sérfræðingur o.s.frv.

Hagstofa Íslands
Fyrirtækjatölfræði
Sími 5281000

0.4 Tilgangur og aðdragandi

Fyrirtækjatölfræði heldur utan um gögn um rekstur einka- og lögaðila í landbúnaði og afkomu þeirra. Rekstrar- og efnahagsyfirlitum fyrir landbúnaðinn er ætlað að gefa mynd af heildarafkomu og efnahag eftir landssvæðum og stærð (fjölda lífdýra) aðila og þróun þeirra yfir lengra tímabil.

0.5 Notendur og notkunar svið

0.6 Heimildir

Framkvæmd byggir á:

Yfirlitin byggja að mestu á skattframtölum rekstraraðila (RSK 1.04) og rekstrarskýrslum einstaklinga (RSK 4.11), framtal vegna búnaðargjalds (RSK 1.09), Landbúnaðarskýrsla (RSK 4.08), fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands og staðgreiðsluskrá.

0.7 Lagalegur grundvöllur fyrir hagskýrslugerð

Lög um Hagstofu Íslands nr. 163/2007.

0.8 Svarbyrði við innsöfnun

0.9 Ákvæði vegna EES og ESB

1. Efni

1.1 Efnislýsing

Rekstrar- og efnahagsyfirlit fyrir landbúnaðar greinar, ræktun mjólkurkúa (ÍSAT nr. 01.41.0), önnur nautgriparékt (ÍSAT nr. 01.42.0) og sauðfjár- og geitarékt (ÍSAT nr. 01.45.0). Einnig er þar að finna stærðar og landhlutaflokkun. Yfirlitið er sett fram á formi hefðbundinna rekstrar- og efnahagsreikninga.

1.2 Tölfræðileg hugtök

00-00-00 Fjöldi: Fjöldi rekstraraðila í viðkomandi atvinnugrein sem skila skattframtali

01-01-00 Rekstartekjur samtals: Velta er sú heildarfjárhæð sem viðkomandi eining færir til reiknings á viðmiðunartímabilinu og svarar til sölu á vörum eða þjónustu til þriðja aðila

01-01-01 Rekstartekjur vegna aðalbúgreinar: Tekjur af afurðum frá aðalbúgrein samkvæmt isat skráningu.

01-01-02 Rekstartekjur vegna annarra afurða: Tekjur annarra afurða en aðalbúgrein samkvæmt isat skráningu.

01-01-03 Aðrar tekjur: Tekjur aðrar en af landbúnaðarafurðum.

01-02-00 Rekstargjöld samtals: heildar rekstargjöld.

01-02-01 Vöru og hráefnisnotkun: Notkun á vörum og þjónustu taka til virðis allra vara og þjónustu sem keyptar eru á uppgjörstímabilinu til endursölu eða notkunar við framleiðsluferlið ásamt birgðabreytingum.

01-02-02 Laun og launatengd gjöld: Heildarlaun sem greidd eru öllum einstaklingum á launaskrá fyrir unna vinnu á uppgjörstímabilinu auk launatengdra gjalda. Dagpeningar, ökutækjastyrkir, eftirlaun, mótframlag í lífeyrissjóð, önnur launatengd gjöld og reiknað endurgjald telst til launakostnaðar.

01-02-03 Annar rekstrarkostnaður: Annar rekstrarkostnaður en vöru- og hráefniskaup og launakostnaður, s.s. sölukostnaður, stjórnunarkostnaður, húsnæðiskostnaður og fleira.

01-02-04 Fyrningar: Fyrningar eigna skv. ársreikningi.

01-03-00 Hagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT): Hagnaður fyrir fjármagnsliði, óreglulega liði, hlutdeild í afkomu dótturfélaga og skatta

01-04-00 Fjármagnsliðir: Nettó vaxtatekjur og verðbætur, gengismunur peningalegra eigna og skulda, arður af hlutabréfum, söluhagnaður/tap af peningalegum eignum, tekjur/gjöld af hvers konar fjármálagerningum, niðurfærsla verðbréfaeignar, verðbreytingatekjur/gjöld, tekjufærsla vegna eftirgjafar skulda og aðrar fjármagnstekjur og -gjöld.

01-05-01 Óreglulegir liðir og hlutdeild í öðrum félögum: Afskrifaðar viðskiptakröfur, óreglulegar tekjur og gjöld, hlutdeild í rekstrarafkomu ósjálfstæðra skattaðila og önnur gjöld. Hlutdeild í afkomu dótturfélaga.

01-06-00 Hagnaður/tap: Hagnaður/tap ársins af rekstri.

02-01-00 Eignir: Heildar eignir, fastafjármunir og lausafjármunir.

02-01-01 Fastafjármunir: Varanlegir rekstarfjármunir, þ.m.t. fasteignir, önnur mannvirki, lóðir og fasteignaréttindi. Eignarhlutir í öðrum félögum.

02-01-02 Lausafjármunir: Handbært fé og verðbréf, viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, birgðir, bústofn og aðrar eignir.

02-02-00 Skuldir: Langtíma- og skammtímaskuldir.

02-02-01 Langtímaskuldir: Innlendar og erlendar langtímaskuldir, eftirlaunaskuldbindingar og tekjuskattsskuldbinding

02-02-02 Skammtímaskuldir: Innborganir fyrir afhendingu, viðskiptaskuldir, næsta árs afborganir af langtímalánum, ógreiddur virðisaukaskattur, aðrar fyrirfram innheimtar tekjur og skammtímaskuldir.

02-03-00 Eigið fé: Mismunur heildareigna og -skulda.

Þegar upphæðir eru færðar á fast verðlag er notast við ársmeðaltal neysluverðsvísitölunnar fyrir rekstrartölur en áramótagildi fyrir efnahag.

Hér að neðan má sjá flokkun atvinnugreina:

- Ræktun mjólkurkúa (ÍSAT nr. 141)
- Önnur nautgriparækt (ÍSAT nr. 142)
- Sauðfjár- og geitarækt (ÍSAT nr. 145)

2. Tími

2.1 Viðmiðunartími talnaefnis

Árstölur vísa til almanaksárs og er tölunum ætlað að lýsa rekstri og afkomu fyrirtækja á viðkomandi ári.

2.2 Vinnslutími

Endanlegar tölur eru gefnar út ekki síðar en 18 mánuðum eftir að viðmiðunarári lýkur.

2.3 Stundvísi birtingar

Í samræmi við birtingaráætlun Hagstofu Íslands. Birtingaráætlun er gefin út á vef Hagstofu Íslands í október hvert ár.

2.4 Tíðni birtinga

Árlega.

3. Áreiðanleiki og öryggismörk

3.1 Nákvæmni gagna og áreiðanleiki

Helsta gagnalindin eru skattframtöl rekstraraðila, rekstrarskýrslur einstaklinga og landbúnaðarskýrslur frá Ríkisskattstjóra. Áreiðanleiki gagnanna er háður því að þessi lögboðna skylda sé virt og framtölin rétt fyllt út.

Í sumum tilfellum gefa skattframtöl ekki glögga mynd af rekstri fyrirtækja. Þetta getur t.a.m. átt við þegar fyrirtækjum er skipt upp á tekjuárinu þannig að rekstur, sem áður tilheyrði móðurfélagi, er færður yfir í dótturfélag og móðurfélagið verður að eignarhaldsfélagi eða höfuðstöðvum í framhaldinu. Einnig getur þetta t.d. átt við þegar félögum er skipt upp, þau sameinuð eða ganga í gegnum aðrar breytingar, sem hafa áhrif á skattskilin. Í þessum tilfellum endurspeglar skattframtalið ekki endilega undirliggjandi grunnrekstur.

3.2 Skekkjuvaldar í gögnum

Helstu skekkjuvaldar geta verið villur í skattframtölum eða að fyrirtæki/einstaklingar skili ekki inn framtölum til Ríkisskattstjóra. Einnig geta fyrirtæki verið flokkuð í ranga atvinnugrein.

3.3 Tölur um öryggismörk/skekkjumælingar

Engin öryggismörk eru reiknuð þar sem um heildarsafn er að ræða.

4. Samanburður

4.1 Samanburðarhæfi milli tímabila

Gögnin eru samanburðarhæf milli ára þar sem samræmdum aðferðum er beitt frá ári til árs við útreikninga og vinnslu. Sambærileiki talna getur þó raskast vegna breyttra heimilda eða aðferða og einnig ef breyting verður á skilum til Ríkisskattstjóra.

4.2 Samanburður við aðrar hagtölur

4.3 Samband milli bráðabirgðatalna og lokatalna

5. Aðgangur að upplýsingum

5.1 Miðlunarleiðir

- Fréttir birtar á vef Hagstofunnar
- Hagtölur, efnisflokkaðar veftöflur

5.2 Grunnöggn; varðveisla og notkunarmöguleikar

Grunngögn eru varðveitt sem trúnaðarupplýsingar á Hagstofunni. Aðgangur að grunngögnum er bundin við þá starfsmenn Hagstofunnar sem vinna með gögnin. Hagstofan veitir ekki aðgang að grunngögnum en unnt er að fá sérvinnslur úr þeim að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

5.3 Skýrslur

5.4 Aðrar upplýsingar